



**Fundargerð 84. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.  
Haldinn föstudaginn 31. mars 2025, kl. 09:00 á TEAMS.**

Mætt eru: Valgerður B. Pálsdóttir, Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson, Árni Sigfússon, Guðrún P. Ólafsdóttir, Arnbjörn Ólafsson og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Púriður H. Aradóttir Braun og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Forföll:

**Dagskrá fundarins:**

**1. Brimketill – skemmdir og kostnaðaráætlun**

Verkefnastjóri fór yfir aðstæður við Brimketil en skemmdir voru tilkynntar eftir storminn í byrjun mars. Auk þess hefur eldri pallurinn staðið í 9 ár og kominn tími á að skoða öryggi og endingu pallsins. Daníel átti fund með fulltrúum Landmótun, Eflu og ÍAV sem komu að uppbyggingu og hönnun á útsýnispallinum. Niðurstöður á mati þeirra á aðstæðum var send verkefnastjóra í framhaldi og var hún eftirfarandi:

- Ekki hættulegt fyrir gesti að vera á pallinum
- Pallurinn þarfnast viðhalds og viðgerðar eftir tjón
- Kostnaðarmat á viðgerðum eru uppá rúmar 4 milljónir. En inn í þeim kostnaði er rétting á handriði á nýrri pallinum, skipta út handriði á eldri pallinum, skipta um undirstöður á stiga og undir grindum auk festinga og annarra lagfæringa.

Verkefnastjóri er að skoða fjármögnun á viðgerðum í gegnum Landsáætlun þar sem staðurinn er á landi í eigu ríkisins. Ekki er komin niðurstaða í það mál en einhver inneign er í framkvæmdasjóði jarðvangsins til að ráðast í verkefnið. Efla mun einnig skila skýrslu til jarðvangsins um þykktarmælingar á jární í undirstöðum sem mun varpa ljósi á líftíma pallsins.

Stjórn felur verkefnastjóra að vinna verkefnið áfram, skoða mögulega fjármögnun í gegnum Landsáætlun, skoða hvort þurfi að styrkja álagshlið á pallinum frekar og vinna tímalínu fyrir verkefnið. Stjórn jarðvangsins leggur áherslu á mikilvægi þess að farið verður í að laga útsýnispallinn.

**2. Svæðisáætlun í uppgræðslu og skógrækt í Reykjanesbæ**

Erindi barst frá Reykjanesbæ um umsögn vegna svæðisáætlunar í uppgræðslu og skógrækt í Reykjanesbæ. Verkefnastjóri gerir ekki athugasemdir við efni svæðisáætlunar en leggur til að jarðvangurinn sendi inn ábendingu um að í öllum áætlunum og stefnum sveitarfélaga á svæðinu sé jarðvangurinn hafður inni sem ein af forsendum í áætlun.

Eftirfarandi texti verður sendur inn sem athugasemd:

Reykjanes UNESCO Global Geopark leggur til að í kafla 4, þar sem fjallað er um forsendur og grunn að áætlunargerð, verði bætt við eftirfarandi málsgrein:

*„Svæðið sem áætlunin nær til er hluti af Reykjanes UNESCO Global Geopark, sem er hluti af alþjóðlegu neti UNESCO Global Geoparks. Geoparkar hafa það að meginmarkmiði að vernda og miðla einstæðri jarðfræðilegri arfleifð, stuðla að sjálfbærri þróun og auka meðvitund um náttúru og umhverfi. Mikilvægt er að áætlanagerð og framkvæmdir í landgræðslu og skógrækt taki mið af þessum markmiðum og styðji við vernd og sýnileika jarðminja á svæðinu.“*

Stjórn samþykkir að verkefnastjóri sendi inn erindið.

### 3. Til upplýsinga: Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja – Verkefni samþykkt af stjórn SSS

Reykjanes jarðvangur sendi inn umsókn um áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurnesja 2025 sem var samþykkt af stjórn SSS og sent inn til samþykktar af stýrihóp stjórnarráðsins.

#### Fræðsla í Reykjanes Geopark

Áhersluverkefnið snýr að frekari eflingu fræðslu á svæðinu með áherslu á:

- Eflingu útináms og stuðningi við kennara á svæðinu með reglulegum vettvangsferðum
- Efla þekkingu með fræðslu og fyrirlestraröðum
- Styrkja netverk kennara og þekkingaryfirfærslu með ráðstefnum og stærri vinnustofum innan og utan svæðisins.
- Útbúa verkfærakistu fyrir útikennslu og náttúrufræðigreinar á vef jarðvangsins.

Önnur verkefni sem jarðvangurinn kemur að og hafa verið samþykkt, en eru leidd af Markaðsstofu Reykjaness eru:

- Myrkurferðabjónusta, með áherslu á Almyrkvann 2026
- Nærandi ferðabjónusta, sem miðar að sjálfbærri þróun ferðamála á Reykjanesi
- Nærandi samstarf, sem miðar að því að efla samstarf fyrirtækja og stoðkerfis og þróun samræmdri samstarfsaðild að Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes jarðvangi.

Stjórn lýsir ánægju yfir þessum verkefnum og óska eftir að fá að fylgjast með framvindu.

### 4. Til upplýsinga: Ráðstefna um menntun í náttúruvísindum

Sigrún Svafa, fræðslufulltrúi fór yfir ráðstefnuna, undirbúning og framkvæmd. Reykjanes jarðvangur studdi við ráðstefnuna en hún þótti heppnast mjög vel. Ráðstefnan stóð yfir í 2 daga, þar sem annar dagurinn var nýttur í erindi og heimsókn í Sandgerði, þekkingarsetrið og Litla Brugghúsið.

Þá var sérstaklega lagt upp með að versla öll aðföng fyrir ráðstefnuna úr héraði.

[https://kennarakvikan.is/R%C3%A1%C3%B0stefna\\_um\\_menntun\\_%C3%AD\\_n%C3%A1tt%C3%BAruv%C3%ADsindum/dagskr%C3%A1](https://kennarakvikan.is/R%C3%A1%C3%B0stefna_um_menntun_%C3%AD_n%C3%A1tt%C3%BAruv%C3%ADsindum/dagskr%C3%A1)

Stjórn lýsir ánægju yfir vel heppnaðri ráðstefnu og þakkar verkefnastjórum fyrir aðkomuna.

### 5. Ráðstefna UNESCO Global Geoparks 8-12. september í Chile

Verkefnastjóri óskar eftir því við stjórnarmenn sem ætla að koma á Ráðstefnu Global Geoparks network í Chile í 8-12. september 2025 staðfesti þátttöku.

Reykjanes jarðvangur greiðir fyrir þátttökugjald stjórnarfólks á ráðstefnuna.

Verkefnastjóra falið að taka saman upplýsingar um ráðstefnuna, skoðunarferðir, dagskrá, tímalínu og mögulegan kostnað. Þannig að stjórnarmenn geti tekið afstöðu fyrir kostnaði og ferð.

### 6. Önnur mál:

- a. Almyrkvinn 2026. Áhugi er fyrir því að jarðvangurinn standi fyrir því að öll börn á Suðurnesjum fái gleraugu fyrir Almyrkvann og leiðbeiningar. Verkefnastjóra falið að vinna þetta áfram.
- b. Reykjanesviti og þjónustusvæðið. Árni upplýsti um stöðu mála. Verið er að vinna að frekari þróun á samstarfi aðila sem hafa aðstöðu á svæðinu og mögulegum bílastæðagjöldum á svæðinu. Verið er að koma á samkomulagi varðandi bílastæðagjöld, þar sem verið er að horfa til að nýta í kostnað á rekstri og frekari uppbyggingu á svæðinu. Stjórn Reykjanes jarðvangs hefur verið upplýst um tilvonandi samkomulag varðandi gjalddöku fyrir veitta þjónustu á svæðinu.



- c. Óskað er eftir að halda annan fund þegar upplýsingar um ferðatilhögun og ráðstefnuna í Chile liggja fyrir. Verkefnastjóra falið að vinna það áfram.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 10.10